

Styrktarsjóður Sólheima

Stjórn Styrktarsjóðs Sólheima kom saman til fundar miðvikudaginn 9 nóvember 2016 kl. 18.00 í Súðarvogi 7, Reykjavík.

Fundinn sátu;

Pétur Sveinbjarnarson, formaður

Magnús Ólafsson

Sigríður Jóna Friðriksdóttir

Ómar Einarsson

Sigurjón Örn Þórsson, boðaði forföll

Óðinn Helgi Jónsson

Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð lögð fram og staðfest

2. Staða framkvæmda

Stjórnarformaður fór yfir stöðu verkefna, fjárhagsstöðu og næstu verkefni.

3. Einbýlishús

Verið er að ganga frá láni Íbúðalánasjóðs og uppgjöri á lánalínu hjá Landsbankanum.

4. Langastétt, kaffihús og verslun, stækkun

Staða framkvæmda, Sigurjóni Erni og framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu að innra skipulagi.

5. Ægisbúð, margmiðlunarstofa

Lagt fram minnisblað Péturs Thomsen er varðar tæki og búnað fyrir margmiðlunarstofu. Sigríður Jóna ásamt öðrum konum í fulltrúaráði ætla að taka að sér það verkefni að fjármagna tæki og búnað fyrir vinnustofuna. Framkvæmdastjóra falið að leggja gróft mat á heildarkostnað.

6. Húsaleiga, íbúðarhúsnæði

Ákveðið að hækka húsaleigu íbúðarhúsnæðis um 5% frá og með 1. febrúar 2017.

7. Húsaleiga, atvinnuhúsnæði

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að samning milli Styrktarsjóðs og Sólheimaseturs vegna leigu atvinnuhúsnæðis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20